

Sveitarfélagið Árborg
Bárður Guðmundsson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík 2. október 2020
UST202009-112/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010 -2030 og deiliskipulag fyrir Árbakkaland á Selfossi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 og deiliskipulagi fyrir Árbakkaland á Selfossi

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingar á sveitarfélagsmörkum, stækkun íbúðarsvæðis og lítilsháttar breyting er gerð fyrir samfélagsþjónustu þar sem er leikskóli.

Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun deiliskipulagsmarka með það í huga að fjölga íbúðum.

Hljóðmengun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í forsendum áætlaðan fjölda bíla sem mun fara um nýjan Suðurlandsveg og leyfilegan hámarkshraða.

Auk þess telur stofnunin mikilvægt að í greinargerð komi fram að það sé tryggt að hljóðstig fari ekki yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað er um umhverfisáhrif hljóðmengunar í kafla 5 í deiliskipulagstillögunni.

Loftmengun

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um og metin áhrif loftmengunar frá nýjum Suðurlandsvegi í tillögunni og telur stofnunin æskilegt að unnið sé dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna í fyrirhuguðum íbúðarsvæðum í nágrenni vegarins. Æskilegt er að reikna styrk NO₂ og svifryks á þessum svæðum, bæði ársmeðaltal og hugsanlegan fjölda skipta á ári yfir mörkum. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð,

köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings.


Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*, þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað er um umhverfisáhrif loftmengunar í kafla 5 í deiliskipulagstillögunni.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur